

Tvíeyg og Þríeyg

Þar er auga sem unir

Þríeyg litla fæddist
með þrjú augu í höfðinu
eitt í miðju enni
með tveim augasteinum

Þegar hún kom vaxin
úr dalverpinu
sá hún engan annan
með þriðja augað

Hún lét hár sitt vaxa
huldi augað í miðið
sem grætur úr sér augasteinana

Tár þorna
segir Tvíeyg

Taugaboð á háspennulínu 10

krossgátusmiðurinn situr
í efstu tröppu stigans
með kaffibolla
þú í neðstu tröppu
leggur til atlögu við stafrófið
klífur parketlagðan hamarinn
vaklandi fótum

fyrsta hindrun
mætir þér af fullum þunga
ekkert orð byrjar á ð

ð er stakt
dálítið eins og þú

Tvieveg og þrívæg

Þrívæg litla fæddist
með þrjú augu í höfðinu
eitt í miðju enni
með tveim augasteinum

Þegar hún kom vaxin
úr dalverpinu
sá hún engan annan
með þriðja augað

Hún lét hár sitt vaxa
huldi augað í miðið
sem grætur úr sér augasteinana

Tár þorna
segir Tvieveg

Þar er auga sem unir

Taugaboð á háspennulínu 10

krossgátusmiðurinn situr
í efstu tröppu stigans
með kaffibolla
þú í neðstu tröppu
leggur til atlögu við stafrófið
klifur parketlagðan hamarinn
vaklandi fótum

fyrsta hindrun
mætir þér af fullum þunga
ekkert orð byrjar á ð

ð er stakt
dálitið eins og þú

Hversdagsgæfa í úthverfi

Sumarið mun líða

Önn dagsins hraðar sér á vettvang
með útblástur á hælunum

Kona breiðir gallabuxur á snúru
Golan veifar skálmunum

Undir eldhúsgluggum dagmæðra
dreymir kornabörn
um hvíta brjóstamjólk

Slóðir snigla glitra á stéttum

Hunangsflugur koma fram vilja sínum
við nývaknaðar draumsóleyjar

Köttur situr á svikráðum
undir körfu þratarins

Fuglabaðið er barmafullt af næturregni

Morgunninn ilmar af kaffi
og tveggja kvenna tali

Grunlausar hefja dægurflugur dansinn

Kvika

Á yfirgefnu bílaplani
við stórmarkað
situr kona einsömul í bíl
og skefur af happaprennu
með gervinögl.

Berskjölduð
eins og fullt tungl.

Hversdagsgæfa í úthverfi

Sumarið mun líða

Önn dagsins hraðar sér á vettvang
með útblástur á hælunum

Kona breiðir gallabuxur á snúru
Golan veifar skálmunum

Undir eldhúsgluggum dagmæðra
dreymir kornabörn
um hvíta brjóstamjólk

Slóðir snigla glitra á stöttum

Hunangsflugur koma fram vilja sínum
við nývaknaðar draumsóleyjar

Köttur situr á svikráðum
undir kórðu þratarins

Fuglabaðið er barmafullt af næturegni

Morgunninn ilmar af kaffi
og tveggja kvenna tali

Grunlausar hefja dægurflugur dansinn

Póra Jónsdóttir

Far eftir hugsun 2000

Kvika

Á yfirgefnu bilaplani
við stórmarkað
situr kona einsömul í bil
og skefur af happaprennu
með gervinögl.

Berskjölduð
eins og fullt tungl.

Eva Rún Snorradóttir

Fræ sem frjövga myrkið 2018

Sár I

Nöglin á vísifingri er beitt. Mamma notar hana til að kroppa í gamalt sár sem aldrei grær. Á nóttunni hlustar hún á það. Telur sekúndurnar á milli blóðdropanna. Hugsar um endanleika og eldrauða tjörn. Þykir leitt að blóðið endi alltaf í umbúðum í ruslinu. Læknar hafa reynt að loka því með nálum og leysigeisla en það opnast alltaf aftur. Hún segir mér að hún hafi fengið það daginn sem ég fæddist með kreppta hnefa og myrkur undirdjúpanna í augunum. Þau gáfu mér nafn við spítalarúmið af því það var tvísýnt hvort ég myndi lifa. Sárið opnaðist um leið og mér fór að batna.

líknarbelgur II

hjartsláttur móðurinnar
er fyrsta hljóðið
sem þú heyrir

fyrsta minningin sem þú
tekur með þér

þegar þú liggur í faðmi elskhugans
leggur þú eyrað að brjósti hans
og hlustar á
hvernig slátturinn
rímar við
upphafshljóðið

því hvað er ást

annað en taktur
annað en sláttur

í myrkrinu

Sár I

Nöglin á vísifingri er beitt. Mamma notar hana til að kroppa í gamalt sár sem aldrei grær. Á nóttunni hlustar hún á það. Telur sekúndurnar á milli blóðdropanna. Hugsar um endanleika og eldrauða tjörn. Þykir leitt að blóðið endi alltaf í umbúðum í ruslinu. Læknar hafa reynt að loka því með nálum og leysigeisla en það opnast alltaf aftur. Hún segir mér að hún hafi fengið það daginn sem ég fæddist með kreppta hnefa og myrkur undirdjúpanna í augunum. Þau gáfu mér nafn við spítalarúmið af því það var tvísýnt hvort ég myndi lifa. Sárið opnaðist um leið og mér fór að batna.

Liknarbelgur II

hjartsláttur móðurinnar
er fyrsta hljóðið
sem þú heyrir

fyrsta minningin sem þú
tekur með þér

þegar þú liggur í faðmi elskhugans
leggur þú eyrað að brjósti hans
og hlustar á
hvernig slátturinn
rimar við
upphafshljóðið

því hvað er ást

annað en taktur
annað en sláttur

í myrkrinu

Samræður við 9 ára stúlku

Mamma,
það er gott að ég er ekki búin
að missa tákirtlana.

Já, því þegar maður grætur fer sorgin
sem safnast hefur saman
út úr líkamanum.

Eru tårin þá gerð úr sorg?

Já, tårin eru gerð úr sorg.
En líka gleði,
því stundum
þegar þú ert mjög glöð
tárast þú.

Mamma,
maður í teiknimynd sagði einu sinni
að hann hefði misst tákirtlana í stríðinu.

Jól

Í dag er fyrsti desember. Amma les í ljóðabók
Matthíasar við eldhúsborðið, *Jól 1891*. Ég sé
kjarna hennar birtast eins og leiftur á meðan hún
les. Hulu er svipt af augasteinunum. Mig sundlar.
Ég vissi ekki að það væri svona langt til botns.
Ljóðið las pabbi hennar fyrir þau systkinin fyrir
nær áttatíu árum. Hann las það á jólanótt þegar
þau voru bæði hrygg.

Samræður við 9 ára stúlku

Mamma,
það er gott að ég er ekki búin
að missa tákirtlana.

Já, því þegar maður grætur fer sorgin
sem safnast hefur saman
út úr líkamanum.

Eru tárin þá gerð úr sorg?

Já, tárin eru gerð úr sorg.
En líka gleði,
því stundum
þegar þú ert mjög glöð
tárast þú.

Mamma,
maður í teiknimynd sagði einu sinni
að hann hefði misst tákirtlana í stríðinu.

Jól

Í dag er fyrsti desember. Amma les í ljóðabók
Matthíasar við eldhúsbörðið, *Jól 1891*. Ég sé
kjarna hennar birtast eins og leiftur á meðan hún
les. Hulu er svipt af augasteinunum. Mig sundlar.
Ég vissi ekki að það væri svona langt til botns.
Ljóðið las pabbi hennar fyrir þau systkinin fyrir
nær áttatíu árum. Hann las það á jólanótt þegar
þau voru bæði hrygg.

Dagatal kvenfélagsins

Góðan og blessaðan, takk fyrir að hringja! Ég skil ekkert í mér að vera ekki við. Ætli ég sé ekki að bisast eitthvað í húsverkum eða ég hef dottað yfir sjónvarpinu. Leggðu bara inn skilaboð, ég hef nýlega lært að hlusta á þau. Margbless!

Góða kvöldið, grafiski hönnuðurinn hér, ég vildi bara halda þér upplýstri varðandi myndina þína. Ég er sem sagt búinn að setja þig á októbermánuð eins og þú baðst um, það var ekkert mál. Fæstar konurnar óskuðu eftir ákveðnum mánuði. En hitt er það að ég þurfti að eiga svolítið við myndina. Ég kunni ekki við annað en að skera svolítið í lærin á þér, svo að þau lægju ekki svona klunnalega saman. Svo setti ég örlítinn glans í vangana. Opnaði varirnar, dró tunguna út og vafði henni utan um líkamann.

Lifandi vísindi 9

einu sinni sagðirðu mér að þú fyndir svo mikið til að þú vildir láta taka úr þér skynfrumurnar baðst mig um að geyma þær fyrir þig

ég stakk þeim í tóman eldspýtustokk sem ég varðveiti ofan í skúffu

við og við laumast ég til að taka þær upp dást að þeim

Dagatal kvenfélagsins

Góðan og blessaðan, takk fyrir að hringja! Ég skil ekkert í mér að vera ekki við. Ætli ég sé ekki að bisast eitthvað í húsverkum eða ég hef dottað yfir sjónvarpinu. Leggðu bara inn skilaboð, ég hef nýlega lært að hlusta á þau. Margbless!

Góða kvöldið, grafíski hönnuðurinn hér, ég vildi bara halda þér upplýstri varðandi myndina þína. Ég er sem sagt búinn að setja þig á októbermánuð eins og þú baðst um, það var ekkert mál. Fæstar konurnar óskuðu eftir ákveðnum mánuði. En hitt er það að ég þurfti að eiga svolítið við myndina. Ég kunni ekki við annað en að skera svolítið í lærin á þér, svo að þau lögju ekki svona klunnalega saman. Svo setti ég örlitinn glans í vangana. Opnaði varirnar, dró tunguna út og vafði henni utan um líkamann.

Eva Rún Snorradóttir

Fræ sem frjövga myrkið 2018

Lifandi vísindi 9

einu sinni sagðirðu mér að þú myndir svo mikið til að þú vildir láta taka úr þér skynfrumurnar baðst mig um að geyma þær fyrir þig

ég stakk þeim í tóman eldspýtustokk sem ég varðveiti ofan í skúffu

við og við laumast ég til að taka þær upp dást að þeim

Arndís Lóa Magnúsdóttir

Taugaboð á háspennulínu 2020



Hjartanlega velkomin í Freyjugarð

Hér má staldra við, hugsa, hlusta, lesa, spjalla,
sækja bækur í bókaskáp eða leggja inn sínar
eigin, nema hjartslátt hverfisins, njóta
stundarinnar...

Í garðinum fer einnig fram samtál fimm
skáldkvenna sem lýsa árstíðum, kynslóðum,
óvæntri skynjun og dýrmætum sérkennum
manneskjunnar.

Höfundar ljóða

Alda Björk Valdimarsdóttir f. 1973
Arndís Lóa Magnúsdóttir f. 1994
Eva Rún Snorradóttir f. 1982
Ragnheiður Harpa Leifsdóttir f. 1988
Þóra Jónsdóttir f. 1925

**Freyjugarður er öllum opinn og alltaf opinn.
Göngum vel um og tökum tillit til annarra.**

Hugmyndasmiður	Sigrún Úlfarsdóttir
Landslagshönnun	Landmötun
Lýsingarhönnun	Líska
Grafísk hönnun	Eliás Rúni
Ritstjórn	Sigurbjörg Prastardóttir
Framkvæmd	Reykjavíkurborg
	Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO



Hjartanlega velkomin í Freyjugarð

Hér má staldra við, hugsa, hlusta, lesa, spjalla,
sækja bækur í bókaskáp eða leggja inn sínar
eigin, nema hjartslátt hverfisins, njóta
stundarinnar...

Í garðinum fer einnig fram samtál fimm
skáldkvenna sem lýsa árstíðum, kynslóðum,
óvæntri skynjun og dýrmætum sérkennum
manneskjunnar.

Höfundar ljóða

Alda Björk Valdimarsdóttir f. 1973
Arndís Lóa Magnúsdóttir f. 1994
Eva Rún Snorradóttir f. 1982
Ragnheiður Harpa Leifsdóttir f. 1988
Þóra Jónsdóttir f. 1925

**Freyjugarður er öllum opinn og alltaf opinn.
Göngum vel um og tökum tillit til annarra.**

Hugmyndasmiður	Sigrún Úlfarsdóttir
Landslagshönnun	Landmötun
Lýsingarhönnun	Líska
Grafísk hönnun	Eliás Rúni
Ritstjórn	Sigurbjörg Prastardóttir
Framkvæmd	Reykjavíkurborg
	Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO